

AFKOMA ARION BANKA Á FYRSTU NÍU MÁNUÐUM ÁRSINS 2017

Hagnaður Arion banka á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 nam 10,4 milljörðum króna samanborið við 17,3 milljarða króna á sama tímabili 2016. Arðsemi eigin fjár var 6,3% en var 11,2% á sama tímabili árið 2016.

Afkoma Arion banka á þriðja ársfjórðungi ársins 2017 var neikvæð um 0,1 milljarð króna samanborið við 7,5 milljarða króna hagnað á sama tímabili 2017. Arðsemi eigin fjár á fjórðungnum var neikvæð sem nemur 0,2% en var jákvæð sem nam 14,4% á sama tímabili 2016. Neikvæð afkoma á ársfjórðungnum skýrist af niðurfærslum á lánum, kröfum og öðrum eignum sem tengjast United Silicon og nema alls 3,7 milljörðum króna á fjórðungnum og 4,8 milljörðum á fyrstu níu mánuðum ársins. Afkoma þriðja ársfjórðungs hefði numið um 2,6 milljörðum króna ef ekki hefði komið til þessa.

Heildareignir námu 1.144,9 milljörðum króna í lok september samanborið við 1.036,0 milljarða króna í árslok 2016 og eigið fé hluthafa bankans nam 221,5 milljarði króna í lok september, samanborið við 211,2 milljarða króna í árslok 2016. Efnahagur bankans er sterkur og hefur mikil áhersla verið lögð á að tryggja lausafjárstöðu í tengslum við afnám fjármagnshafta og afborganna skuldabréfa sem eru á gjalddaga snemma árs 2018.

Eiginfjárhlutfall bankans var 27,1% í lok september og er óbreytt frá árslokum 2016. Hlutfall eiginfjárbáttar 1 hækkaði og nam 26,6% samanborið við 26,5% í árslok 2016.

Helstu rekstrar- og kennitölur bankans eru eftirfarandi:

<i>Í milljónum króna</i>	9 mán. '17	9 mán. '16	3F 2017	3F 2016
Hreinar vaxtatekjur	22.570	22.058	7.250	7.432
Hreinar þóknatekjur	10.703	10.213	3.865	3.466
Aðrar tekjur	5.411	7.377	237	1.569
Rekstrartekjur	38.684	39.648	11.352	12.467
Rekstrarkostnaður	(21.380)	(22.331)	(7.540)	(7.175)
Bankaskattur	(2.388)	(2.190)	(814)	(705)
Hrein virðisbreyting	(1.262)	6.827	(2.551)	5.882
Hagnaður fyrir skatta	13.654	21.954	447	10.469
Tekjuskattur	(3.917)	(5.261)	(756)	(3.170)
Afkoma af eignum til sölu eftir skatta	616	569	196	206
Hagnaður (tap)	10.353	17.262	(113)	7.505
Helstu kennitölur				
Arðsemi eigin fjár	6,3%	11,2%	(0,2%)	14,4%
Hagnaður á hlut (í krónum)	5,17	8,38	(0,06)	3,76
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	2,9%	3,1%	2,7%	3,1%
Kostnaðarhlutfall	55,3%	56,3%	66,4%	57,6%

Helstu efnahags- og kennitölur bankans eru eftirfarandi:

<i>Í milljónum króna</i>	30.09.2017	31.12.2016	Breyt.	Breyt.%
Lán til viðskiptavina	750.947	712.422	38.524	5%
Aðrar eignir	393.906	323.602	70.304	22%
Skuldir	923.144	824.640	98.504	12%
Eigið fé	221.708	211.384	10.324	5%
Útlán sem hlutfall af innlánum	168,4%	172,9%		
Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareignum	68,4%	72,7%		
Hlutfall eiginfjárbáttar 1	26,6%	26,5%		

Varðandi ítarlegar fjárhagsupplýsingar vísast til árshlutareiknings samstæðu Arion banka fyrir tímabilið 1. janúar – 30. september 2017, sem birtur er á heimasíðu bankans, www.arionbanki.is.



HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON, BANKASTJÓRI ARION BANKA:

„Afkoma fyrstu níu mánaða ársins er í takt við væntingar en verulegir einskiptisliðir koma bæði til hækkunar og lækkunar. Grunnreksturinn er fremur stöðugur og vaxta- og þóknunatekjur nálægt okkar væntingum. Fjárhagsstaða bankans er áfram sterk og eiginfjárhlutfall er 27,1%. Afkoman markast hins vegar talsvert af neikvæðum áhrifum tengdum lánveitingum til United Silicon og hlutabréfaeign í félaginu. Arion banki hefur færnið lán til félagsins að hluta og hlutabréfaeign sína að fullu. Það er um ár síðan verksmiðja United Silicon var gangsett og fljótlega kom í ljós að óreiða var á starfsemi félagsins. Nú liggur jafnframt fyrir að verksmiðjan var ekki fullkláruð þegar hún var gangsett. Arion banki hefur því þurft að koma að starfsemi félagsins í æ ríkari mæli og er í dag stærsti hluthafi þess. Neikvæð áhrif vegna United Silicon nema ríflega 2% af eigin fé bankans og niðurfærsla lána nemur innan við 0,4% af lánabók bankans. Útistandandi skuldbinding nemur um 5,4 milljörðum króna sem er um 0,5% af efnahag bankans.

Áhættutaka með viðskiptavinum er kjarninn í starfsemi fjármálafyrirtækja. Sem betur fer er það svo að langflest verkefni ganga vel. Við höfum skoðað vel aðdragandann að þátttöku bankans í uppbyggingu kísilverksmiðju United Silicon. Niðurstaðan er sú að greiningarvinnan sem unnin var og lá til grundvallar ákvörðunar um að lána í verkefnið hafi í öllum aðalatriðum verið góð. Þar var stuðst við áætlanir félagsins, en að gerð þeirra komu bæði innlendir og reynslumiklir erlendir aðilar. Einnig var stuðst við álit og úttektir utanaðkomandi sérfræðinga. Málið átti sér langan aðdraganda og fyrir lágu öll leyfi og samningar um uppbyggingu verksmiðjunnar, orkukaup, helstu aðföng og sölu afurða. Engu að síður er ljóst að draga þarf lærdóm af því hvernig til hefur tekist og það munum við gera. Áfram verður unnið að því að koma starfsemi verksmiðjunnar í gott horf í sátt við samfélagið.

Lánshæfismatsfyrirtækið S&P hækkaði lánshæfismat bankans nýverið í BBB+. Þetta er í takt við þá þróun sem hefur átt sér stað innan bankans og almennt hér á landi, þar sem bæði bankinn og íslenskt efnahagslíf hafa haldið áfram að styrkjast. Arion banki hefur verið virkur þátttakandi á alþjóðlegum lánamörkuðum og hækkun lánshæfismats stækkar enn frekar þann hóp fjárfesta sem horfir til bankans, sem aftur stuðlar að lægri fjármögnunarkostnaði bankans til framtíðar.

Arion banki opnaði nýverið nýtt útibú í Kringlunni sem gefur innsýn í framtíðarsýn bankans þegar kemur að þjónustu við okkar viðskiptavini. Í Kringlunni nýtum við þær stafrænu lausnir sem við höfum kynnt á undanförunum misserum og notið hafa mikilla vinsælda. Á þessu ári hefur Arion banki kynnt tíu nýjar stafrænar lausnir og fleiri eru á leiðinni. Viðskiptavinir útibúsins í Kringlunni njóta aðstoðar starfsfólks við að nýta sér hinar nýju lausnir og geta rætt við ráðgjafa bankans í gegnum fjarfundabúnað. Það er nýmæli að útibúið hefur sama afgreiðslutíma og önnur þjónusta í Kringlunni og er því það bankaútibú landsins sem er með hvað rýmstan afgreiðslutíma alla daga vikunnar.“



REKSTRARREIKNINGUR

Í milljónum króna	9 mán. '17	9 mán. '16	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	22.570	22.058	512	2%
Hreinar þóknatekjur	10.703	10.213	490	5%
Hreinar fjármunatekjur	2.471	4.339	(1.868)	(43%)
Hreinar tekjur af tryggingastarfsemi	1.769	663	1.106	167%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага og niðurfærsla	(917)	710	(1.627)	(229%)
Aðrar rekstrartekjur	2.088	1.665	423	25%
Rekstrartekjur	38.684	39.648	(964)	(2%)
Laun og launatengd gjöld	(12.624)	(12.252)	(372)	3%
Annar rekstrarkostnaður	(8.756)	(10.079)	1.323	(13%)
Bankaskattur	(2.388)	(2.190)	(198)	9%
Hrein virðisbreyting	(1.262)	6.827	(8.089)	(118%)
Hagnaður fyrir skatta	13.654	21.954	(8.300)	(38%)
Tekjuskattur	(3.917)	(5.261)	1.344	(26%)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	9.737	16.693	(6.956)	(42%)
Afkoma af eignum til sölu eftir skatta	616	569	47	8%
Hagnaður	10.353	17.262	(6.909)	(40%)

Rekstrartekjur námu 38,7 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2017, samanborið við 39,6 milljarða króna á sama tímabili 2016. Niðurfærsla á fjárfestingu bankans í United Silicon hefur umtalsverð áhrif á rekstrartekjur tímabilsins. Annars vegar gætir áhrifa hennar á hreinar fjármunatekjur og hins vegar á hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага samtals tæpir 1,9 milljarðar króna. Hreinar tekjur af tryggingastarfsemi hækka með innkomu Varðar sem dótturfélags undir lok árs 2016 og einnig hækka aðrar tekjur vegna matsbreytinga fjárfestingareigna á fyrstu níu mánuðum ársins 2017.

Hreinar vaxtatekjur hækka um 2% milli ára en vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna nam 2,9% á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 samanborið við 3,1% á sama tímabili 2016. Aukningu hreinna vaxtatekna má einkum skýra með auknum vaxtaberandi eignum, samanborið við fyrra ár.

Hreinar þóknatekjur hækka um 5% milli ára, einkum vegna aukinna umsvifa í greiðslukortum og greiðslulausnum sem og á viðskiptabankasviði, m.a. með opnun útbús bankans á Keflavíkurlugvelli á miðju ári 2016. Tekjur annarra sviða standa í stað eða lækka frá fyrra ári.

Hreinar fjármunatekjur námu 2.471 milljónum króna á fyrstu níu mánuðum ársins, samanborið við 4.339 milljónir króna á sama tímabili 2016. Fremur hagstæðar markaðsaðstæður með skráð hlutabréf og skuldabréf skýra jákvæðar fjármunatekjur en á fyrri hluta ársins 2016 var það einkum hagnaður af sölu eignarhlutar í Visa Europe sem skýrði jákvæðar fjármunatekjur. Gangvirðisbreytingar afleiðna sem nýttar eru til áhættuvarna draga fjármunatekjur nokkuð niður á tímabilinu. Fjárfesting bankans í hlutabréfum og skuldabréfum tengdum United Silicon hefur neikvæð áhrif á hreinar fjármunatekjur tímabilsins en heildaráhrifin nema 965 milljónum króna.

Hreinar tekjur af tryggingastarfsemi námu 1.769 milljónum króna, samanborið við 663 milljón króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2016. Aukningin er að mestu tilkomin vegna kaupa Arion banka á Verði í lok september 2016 sem og jákvæðrar þróunar tryggingastarfseminnar.

Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага og niðurfærsla var neikvæð um 917 milljónir króna, samanborið við 710 milljóna króna hagnað á sama tímabili 2016. Meginskýringin er 907 milljóna króna niðurfærsla á eignarhlut bankans í United Silicon en félagið var skilgreint sem hlutdeildarfélag hluta árs. Til samanburðar var hagnaður af sölu eignarhlutar samstæðunnar í Bakkavor Group Ltd. á fyrstu níu mánuðum ársins 2016.

Aðrar rekstrartekjur hækka um 423 milljónir króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 samanborið við sama tímabil 2016 og nema 2.088 milljónum króna. Stóran hluta hækkingarinnar má rekja til jákvæðra matsbreytinga á fjárfestingareignum á fyrstu níu mánuðum ársins 2017.



Rekstrarkostnaður nam samtals 21.380 milljónum króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2017, samanborið við 22.331 milljón króna á sama tímabili 2016. Kostnaðarhlutfall var 55,3% samanborið við 56,3% á fyrstu níu mánuðum ársins 2016. Þessa lækkun á kostnaðarhlutfalli má að mestu rekja til bakfærslu á skuldbindingu bankans við Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta að fjárhæð 2.669 milljónir króna en bankinn hefur fengið staðfestingu þess efnis að sjóðurinn muni ekki innheimta þá kröfu. Á móti þessari bakfærslu er hækkun á rekstrarkostnaði samanborið við fyrra ár, meðal annars vegna innkomu Varðar sem dótturfélags í lok síðasta árs og aukinna umsvifa Valitor erlendis. Kostnaður sem hlutfall af eignum nam 2,6% á fyrstu níu mánuðum ársins 2017, samanborið við 2,9% á sama tímabili 2016.

Laun og launatengd gjöld námu 12.624 milljónum króna og hækkuðu um 3% frá fyrra ári. Hækkunina má einkum rekja til kaupa á dótturfélaginu Verði undir lok árs 2016 og fjölgunar starfsfólks í alþjóðlegri starfsemi dótturfélagsins Valitor. Reiknuð meðallaun starfsfólks samstæðunnar hafa lækkað um tæplega 2% frá sama tímabili 2016 en á sama tíma hækkaði launavísitala um tæp 7%. Ástæða þessa er m.a. breytt samsetning starfsfólks með nýjum dótturfélögum og styrking krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum, en hluti starfsemi Valitor, stærsta dótturfélags bankans, fer fram erlendis. Fjöldi stöðugilda hjá samstæðunni var 1.293 í lok september sem er hækkun um 104 stöðugildi frá sama tíma fyrir ári. Aukninguna má einkum rekja til fjárfestinga í nýjum viðskiptatækifærum hér á landi og erlendis, þ.e. kaupin á Verði og vöxtur í alþjóðlegri starfsemi Valitor, m.a. með kaupum á nýjum félögum.

Annar rekstrarkostnaður var 8.756 milljónir króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 og lækkar um 13% frá sama tímabili 2016. Lækkunin skýrist, eins og áður segir, einkum af bakfærslu skuldar að fjárhæð 2.669 milljónir króna við Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Á móti kemur hækkun á öðrum rekstrarkostnaði vegna innkomu Varðar í samstæðuna, kostnaðar við aukin umsvif alþjóðlegrar starfsemi Valitor og aukins kostnaðar við upplýsingatækni, en bankinn úthýsti að hluta rekstri tölvukerfa sinna til Nýherja í byrjun ársins.

Hrein virðisbreyting var neikvæð sem nemur 1.262 milljónum króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 samanborið við 6.827 milljónir króna á sama tímabili 2016. Greiðslur tengdar nauðasamningum, lokagreiðslur vegna uppgjörs slitabúa þar sem lán höfðu áður verið niðurfærð hjá bankanum og uppgreiðslur á eldri lánum hjá bankanum, einkum lánum til íbúðakaupa, höfðu jákvæð áhrif á hreina virðisbreytingu á tímabilinu. Á móti kemur gjaldfærsla vegna varúðarniðurfærslu á lánveitingu til United Silicon að fjárhæð 2.962 milljónir króna á tímabilinu.

Tekjuskattur nam 3.917 milljónum króna á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 5.261 milljón króna á sama tímabili 2016. Tekjuskattur, eins og hann er settur fram í ársreikningi, samanstendur af 20% tekjuskatti af hagnaði og 6% sérstökum fjársýsluskatti sem lagður er á hagnað fjármálafyrirtækja umfram einn milljarð króna. Virkt tekjuskattshlutfall er 28,7% samanborið við 24,0% á fyrstu níu mánuðum 2016. Hið háa tekjuskattshlutfall á tímabilinu má m.a. rekja til þess að afkoma móðurfélagsins vegur þyngra nú í heildarafkomu en hún gerði á fyrstu níu mánuðum ársins 2016 og bankinn greiðir sérstakan viðbótarskatt á hagnað yfir 1 milljarði króna.



Þriðji ársfjórðungur 2017

Afkoma þriðja ársfjórðungs 2017 litaðist mjög af þróun mála hjá United Silicon. Arðsemi eigin fjár á fjórðungnum var neikvæð sem nemur 0,2% en var jákvæð um 14,4% á sama tíma fyrir ári.

<i>Í milljónum króna</i>	3F 2017	3F 2016	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	7.250	7.432	(182)	(2%)
Hreinar þóknatekjur	3.865	3.466	399	12%
Hreinar fjármunatekjur	(734)	845	(1.579)	(187%)
Hreinar tekjur af tryggingastarfsemi	716	272	444	164%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi og niðurfærsla	17	16	1	6%
Aðrar rekstrartekjur	238	435	(197)	(45%)
Rekstrartekjur	11.352	12.465	(1.114)	(9%)
Laun og launatengd gjöld	(3.841)	(3.826)	(15)	0%
Annar rekstrarkostnaður	(3.699)	(3.349)	(350)	10%
Bankaskattur	(814)	(705)	(109)	15%
Hrein virðisbreyting	(2.551)	5.882	(8.433)	(143%)
Hagnaður fyrir skatta	447	10.467	(10.020)	(96%)
Tekjuskattur	(756)	(3.170)	2.414	(76%)
Afkoma af eignum til sölu eftir skatta	196	206	(10)	(5%)
Hagnaður (tap)	(113)	7.503	(7.616)	(102%)

Rekstrartekjur á þriðja ársfjórðungi námu 11.352 milljónum króna og eru um 9% lægri en á fyrra ári, sem skýrist einkum af neikvæðri afkomu verðbréfa vegna óhagstæðra markaðsaðstæðna og niðurfærslu á skuldabréfum tengdum United Silicon. Hreinar vaxtatekjur lækka um 2% á milli ára en hreinar þóknatekjur aukast um 12%. Hreinar fjármunatekjur voru neikvæðar og námu 734 milljónum króna en almennt var ávöxtun verðbréfa neikvæð á tímabilinu, einkum eftir að ríkisstjórnin fór frá í byrjun september. Tekjur af tryggingastarfsemi aukast verulega milli ára, vegna innkomu Varðar í samstæðuna undir lok árs 2016, og aðrar rekstrartekjur eru mun hærrí en á sama tíma fyrir ári, einkum vegna virðisbreytinga fjárfestingareigna.

Rekstrarkostnaður hækkar um 5% samanborið við fyrra ár sem er í takt við aukin umsvif, einkum hjá dótturfélögum.

Hrein virðisbreyting er neikvæð um 2.551 milljón króna á þriðja ársfjórðungi, samanborið við jákvæða hreina virðisbreytingu að fjárhæð 5.882 m.kr. á sama tímabili 2016. Skýrist þessi breyting eingöngu af niðurfærslu lána og krafna vegna United Silicon, samtals 2.962 milljónir króna. Árið 2016 var íbúðalánasafn sem bankinn keypti árið 2011 endurmetið og jákvæð niðurstaða var færð sem hrein virðisbreyting.



Afkoma tekjusviða

Arion banki skiptir rekstrinum í fimm afkomusvið auk dótturfélaga og stoðsviða. Afkomusviðin eru eignastýring, fyrirtækjasvið, fjárfestingarbankasvið, viðskiptabankasvið og fjárstýring.

Afkoma fyrir skatta var jákvæð af öllum afkomusviðum á fyrstu níu mánuðum ársins 2017.

1.1.-30.9.2017 í milljónum króna	Eignastýring	Fyrirtækja- svið	Fjárfestingar- bankasvið	Viðskipta- bankasvið	Fjárstýring	Höfuðst., dótturfélög og aðrar deildir	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	399	4.777	182	11.818	4.626	768	22.570
Hreinar þóknatekjur	2.643	771	928	3.406	(248)	3.203	10.703
Aðrar tekjur	138	1.336	(59)	33	(335)	4.298	5.411
Rekstrartekjur	3.180	6.884	1.051	15.257	4.043	8.269	38.684
Rekstrarkostnaður	(753)	(239)	(558)	(3.319)	209	(16.720)	(21.380)
Bankaskattur	0	0	0	0	0	(2.388)	(2.388)
Hrein virðisbreyting	0	(2.436)	(18)	1.206	55	(69)	(1.262)
Afkoma fyrir skatta	2.427	4.209	475	13.144	4.307	(10.908)	13.654

1.1.-30.9.2016 í milljónum króna	Eignastýring	Fyrirtækja- svið	Fjárfestingar- bankasvið	Viðskipta- bankasvið	Fjárstýring	Höfuðst., dótturfélög og aðrar deildir	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	415	4.915	1.031	11.444	3.818	435	22.058
Hreinar þóknatekjur	2.864	739	1.072	2.528	(258)	3.268	10.213
Aðrar tekjur	(74)	187	831	103	(93)	6.423	7.377
Rekstrartekjur	3.205	5.841	2.934	14.075	3.467	10.126	39.648
Rekstrarkostnaður	(1.039)	(451)	(747)	(4.577)	(151)	(15.366)	(22.331)
Bankaskattur	0	0	0	0	0	(2.190)	(2.190)
Hrein virðisbreyting	(1)	60	1.601	5.250	3	(86)	6.827
Afkoma fyrir skatta	2.165	5.450	3.788	14.748	3.319	(7.516)	21.954

Eignastýringarsvið skiptist í eignastýringu fagfjárfesta, einkabankapjónustu, fjárfestingarþjónustu og rekstur lífeyrissjóða. Eignastýring Arion banka stýrir fjármunum fyrir hönd viðskiptavina samkvæmt fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu hvers og eins. Jafnframt annast sviðið sölu á sjóðum Stefnis hf. til einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og fagfjárfesta sem og sölu á sjóðum alþjóðafyrirtækja. Til viðbótar sinnir sviðið rekstri lífeyrissjóða. Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki í eigu Arion banka. Stefnir annast stýringu á fjölbreyttu úrvali verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestastjóða.

í milljónum króna	9M 2017	9M 2016	Breyting
Hreinar vaxtatekjur	399	415	(3,9%)
Hreinar þóknatekjur	2.643	2.864	(7,7%)
Aðrar tekjur	138	(74)	-
Rekstrartekjur	3.180	3.205	(0,8%)
Rekstrarkostnaður	(753)	(1.039)	(27,5%)
Afkoma fyrir skatta	2.427	2.166	12,0%

Lækkun rekstrartekna á milli ára má einkum rekja til breytinga í markaðsumhverfi sviðsins. Starfsemin er þó stöðug og eignir í stýringu hafa aukist jafnt og þétt á liðnum árum.



Fyrirtækjasvið veitir stærri fyrirtækjum landsins alhliða fjármálaþjónustu og sérsniðnar lausnir sem þjóna þeirra þörfum hverju sinni. Fyrirtækjasvið býður lausnir á sviði fjármögnunar, innlána, greiðslumiðlunar og virðisaukandi stafrænnar þjónustu.

<i>í milljónum króna</i>	9M 2017	9M 2016	Breyting
Hreinar vaxtatekjur	4.777	4.915	(2,8%)
Hreinar þóknatekjur	771	739	4,3%
Aðrar tekjur	1.336	187	614,4%
Rekstrartekjur	6.884	5.841	17,9%
Rekstrarkostnaður	(239)	(451)	(47,0%)
Hrein virðisbreyting	(2.436)	60	-
Afkoma fyrir skatta	4.209	5.450	(22,8%)

Vaxtamunur fyrirtækjasviðs er heldur lægri en var á fyrra ári, einkum vegna harðari samkeppni en þóknatekjur haldast í takt við umsvif. Aðrar tekjur eru einkum vegna virðisbreytinga á fjárfestingareignum. Neikvæð hrein virðisbreyting af lánasafni má einkum rekja til niðurfærslu á lánum og kröfum á United Silicon á þriðja ársfjórðungi, samtals tæpir 3 milljarðar króna.

Fjárfestingarbankasvið skiptist í fyrirtækjaráðgjöf, markaðsviðskipti og greiningardeild. Fyrirtækjaráðgjöf veitir ráðgjöf við kaup og sölu fyrirtækja og við stærri fjárhagsákvæðanir sem fyrirtæki og fjárfestar standa frammi fyrir. Fyrirtækjaráðgjöf veitir þannig ráðgjöf er varðar fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja og sér um útboð og skráningu verðbréfa. Markaðsviðskipti annast verðbréfa- og gjaldeyrismiðlun fyrir hönd viðskiptavina bankans. Markaðsviðskipti sjá einnig um útgáfu verðbréfa fyrir viðskiptavinum sína og veita ráðgjöf um áhættustýringu, oft í samstarfi við fyrirtækjaráðgjöf. Greiningardeild er sjálfstæð frá öðrum sviðum bankans en heyrir undir fjárfestingarbankasvið. Greiningardeild fjallar um íslenskt efnahagslíf og fjármálamarkaði.

<i>í milljónum króna</i>	9M 2017	9M 2016	Breyting
Hreinar vaxtatekjur	182	1.031	(82,3%)
Hreinar þóknatekjur	928	1.072	(13,4%)
Aðrar tekjur	(59)	831	(107,1%)
Rekstrartekjur	1.051	2.934	(64,2%)
Rekstrarkostnaður	(558)	(747)	(25,3%)
Hrein virðisbreyting	(18)	1.601	(101,1%)
Afkoma fyrir skatta	475	3.788	(87,5%)

Breytingar voru gerðar á fjárfestingarbankasviði á árinu 2016 þegar stór hluti eignasafns sviðsins var fluttur til annarra deilda, einkum á skrifstofu bankastjóra, sem er hluti af höfuðstöðvum. Af þeim sökum verða umtalsverðar breytingar á hreinum vaxtatekjum og öðrum tekjum milli ára. Hreinar þóknatekjur, sem eru meginstöð tekna sviðsins, eru heldur lægri en þær voru fyrir ári vegna minni umsvifa í fyrirtækjaráðgjöf.



Viðskiptabankasvið veitir margvíslega þjónustu, þ.m.t. innlán og útlán, fjölbreyttar sparnaðarleiðir, greiðslukort, lausnir á sviði lífeyrissparnaðar, tryggingar, verðbréf og sjóðir. Til að ná fram hámarksskilvirkni er útibúum samstæðunnar skipt í fimm klasa og fá smærri útibúin stuðning frá stærri einingum innan hvers klasa. Viðskiptavinir viðskiptabankasviðs, sem rekur 24 útibú og afgreiðslur víðs vegar um landið, eru yfir 100.000. Fagfjárfestingarsjóður Arion banka hf. (Arion Bank Mortgages Institutional Investor Fund) tilheyrir viðskiptabankasviði.

<i>í milljónum króna</i>	9M 2017	9M 2016	Breyting
Hreinar vaxtatekjur	11.818	11.444	3,3%
Hreinar þóknatekjur	3.406	2.528	34,7%
Aðrar tekjur	33	103	(68,0%)
Rekstrartekjur	15.257	14.075	8,4%
Rekstrarkostnaður	(3.319)	(4.577)	(27,5%)
Hrein virðisbreyting	1.206	5.250	(77,0%)
Afkoma fyrir skatta	13.144	14.748	(10,9%)

Rekstartekjur á fyrstu níu mánuðum ársins aukast um 8,4% milli ára og er aukin áhersla síðustu ára á þóknatengda starfsemi að skila sér í auknum tekjum. Jákvæðar virðisbreytingar lána á árinu eru einkum tilkomnar vegna umtalsverðra uppgreiðslna á íbúðalánum í lækkandi vaxtaumhverfi en háa virðisbreytingu á lánum frá fyrra ári má rekja til endurmats á íbúðalánasafni bankans sem keypt var í árslok 2011.

Fjárstýring annast lausafjárstýringu bankans auk gjaldeyris- og vaxtastýringar. Önnur meginhlutverk fjárstýringar eru verðlagning fjármagns til útlánasviða og stýring og verðlagning fjármálaafurða.

<i>í milljónum króna</i>	9M 2017	9M 2016	Breyting
Hreinar vaxtatekjur	4.626	3.818	21,2%
Hreinar þóknatekjur	(248)	(258)	(3,9%)
Aðrar tekjur	(335)	(93)	260,2%
Rekstrartekjur	4.043	3.467	16,6%
Rekstrarkostnaður	209	(151)	(238,4%)
Hrein virðisbreyting	55	3	-
Afkoma fyrir skatta	4.307	3.319	29,8%

Rekstartekjur fjárstýringar hækka milli ára, einkum vegna hærri vaxtatekna af innstæðum hjá Seðlabanka og öðru lausafé en tap í öðrum tekjum má að mestu rekja til neikvæðra gangvirðisbreytinga afleiðna sem notaðar eru til áhættuvarna en eru ekki bókfærðar samkvæmt áhættuvarnarreikningskilum.



EFNAHAGSREIKNINGUR

Heildareignir samstæðu Arion banka jukust um 11% frá árslokum 2016. Einkum má rekja hækkunina til aukningar á sjóði og innstæðum hjá Seðlabanka Íslands og lána til viðskiptavina en einnig aukast lán til lánastofnana og verðbréfaeign, einkum vegna aukins lausafjár.

Í milljónum króna	30.09.2017	31.12.2016	Breyt.	Breyt.%
Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	132.316	87.634	44.683	51%
Lán til lánastofnana	94.242	80.116	14.126	18%
Lán til viðskiptavina	750.947	712.422	38.524	5%
Verðbréfaeign	121.040	117.456	3.584	3%
Fjárfestingareignir	6.903	5.358	1.546	29%
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	842	839	3	0%
Óefnislegar eignir	12.755	11.057	1.698	15%
Aðrar eignir	25.807	21.142	4.665	22%
Eignir samtals	1.144.852	1.036.024	108.828	11%

Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands námu 132.316 milljónum króna í lok september 2017, samanborið við 87.634 milljónir króna í árslok 2016. Aukninguna má einkum rekja til aukinna innlána, einkum á viðskiptabankasviði en einnig endurspeglast ný lántaka bankans á tímabilinu í mjög sterkri lausafjárstöðu.

Lán til viðskiptavina námu 750.947 milljónum króna í lok september 2017, sem er 5% aukning frá áramótum. Lán til fyrirtækja hafa aukist um 6,0% á tímabilinu, einkum tengt fasteignum og flutningum. Lán til einstaklinga jukust um ríflega 5% á fyrstu níu mánuðum ársins, nær eingöngu íbúðalán, þrátt fyrir harða samkeppni á þeim markaði frá lífeyrissjóðum.

Verðbréfaeign nam 121.040 milljónum króna í lok september 2017, samanborið við 117.456 milljónir króna í árslok 2016. Samsetning verðbréfaeignar breytist nokkuð þar sem hlutabréf hafa verið seld eins og t.d. allir eignarhlutir bankans í Fasteignafélaginu Reitum hf. og Símanum hf. en á móti hefur eign í erlendum lausafjárstöðum aukist sem má rekja til lausafjárstyringar bankans.

Skuldir samstæðu Arion banka hækka nokkuð frá áramótum sem rekja má til hækkunar á innlánum og nýrrar lántöku. **Eigið fé** hækkar vegna afkomu fyrstu níu mánaða ársins 2017.

Í milljónum króna	30.09.2017	31.12.2016	Breyt.	Breyt.%
Innlán lánastofnana og Seðlabanka Íslands	7.097	7.987	(890)	(11%)
Innlán frá viðskiptavinum	445.981	412.064	33.917	8%
Fjárskuldir á gangvirði	3.551	3.726	(175)	(5%)
Aðrar skuldir	66.115	61.387	4.728	8%
Lántaka	400.400	339.476	60.924	18%
Eigið fé hluthafa	221.534	211.212	10.322	5%
Minnihluti	174	172	2	1%
Skuldir og eigið fé samtals	1.144.852	1.036.024	108.828	11%

Innlán frá viðskiptavinum námu 445.981 milljónum króna í lok september samanborið við 412.064 milljónum í árslok 2016. Aukningin er einkum tilkomin vegna aukinna innlána hjá viðskiptabankasviði.

Lántaka bankans nam 400,400 milljónum króna í lok tímabilsins. Arion banki gaf út 200 milljóna evru skuldabréf í janúar og bætti þar með við fimm ára útgáfu sína frá því í nóvember, sem er nú upp á 500 milljónir evra. Sú útgáfa var að hluta notuð til að greiða niður skuldabréf í eigu Kaupþings, en skuldabréfið var greitt að fullu seinna á tímabilinu. Í júní gaf bankinn út 300 milljóna evru skuldabréf til þriggja ára á kjörum sem jafngilda 88 punktum yfir millibankavöxtum. Hluti útgáfunnar var nýttur til að borga til baka 100 milljónir evra af skuldabréfi með gjalddaga 2018. Þá gaf bankinn út átta minni útgáfur erlendis upp á samtals 19,6 milljarða króna í norskum og sænskum krónum. Bankinn hélt einnig áfram útgáfu sértryggðra skuldabréfa á íslenska markaðnum og gaf út 19,1 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2017.



Eigið fé hluthafa bankans nam 221.534 milljónum króna í lok september 2017 samanborið við 211.212 milljónum króna í lok árs 2016. Hækkunin skýrist nær alfarið af afkomu tímabilsins, en engin arðgreiðsla er áætluð á árinu 2017. Hlutfall eiginfjárþáttar 1 hjá bankanum nam 26,6% í lok tímabilsins samanborið við 26,5% í árslok 2016. Samkvæmt reglum FME um útreikninga eiginfjárhlutfalls er ekki heimilt að taka tillit til afkomu nema að uppgjör séu árituð af endurskoðanda. Eiginfjárhlutfall samkvæmt reglum FME var eins og að framan greinir eða 26,6% í lok september samanborið við 26,5% í lok árs 2016.



KENNIÖLUR

	9 mán. '17	2016	9 mán '16
Arðsemi eigin fjár	6,3%	10,5%	11,2%
Arðsemi eigna	1,2%	2,1%	2,2%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	2,9%	3,1%	3,1%
Vaxtamunur á heildareignir	2,7%	2,9%	2,9%
Kostnaðarhlutfall	55,3%	57,2%	56,3%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	2,6%	3,0%	2,9%
Virkur tekjuskattur	28,7%	23,5%	24,0%
CAD hlutfall (Eiginfjárlutfall)	27,1%	27,1%	26,1%
Hlutfall eiginfjárbáttar A	26,6%	26,5%	25,5%
Vandræðalán	1,4%	1,6%	2,0%
Heildar niðurfærð lán / Heildar lán	2,1%	3,2%	3,6%
Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareignum	68,4%	72,7%	73,2%
Útlán sem hlutfall af innlánunum	168,4%	172,9%	165,7%
Meðalfjöldi stöðugilda	1.235	1.201	1.185
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - samstæða	1.293	1.239	1.189
Meðalfjöldi stöðugilda - móðurfélag	826	889	893
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - móðurfélag	842	869	887

FJÁRHAGSLEG MARKMIÐ

Á seinni hluta ársins 2016 setti Arion banki sér eftirfarandi markmið til næstu fjögurra til fimm ára.

- *Eiginfjárfkrafa (CET 1)* Lækka niður undir 17%
- *Lánavöxtur* Lánavöxtur sé umfram vöxt í efnahagslífinu á næstu árum
- *Arðsemi eigin fjár* Ná tveggja stafa arðsemi
- *Arðgreiðslustefna* Arðgreiðsluhlutfall í kringum 50% af hagnaði til hluthafa
- *Kostnaðarhlutfall* Lækka í um það bil 50%

FUNDUR MEÐ MARKAÐSAÐILUM

Arion banki mun halda símafund á ensku fyrir markaðsaðila, miðvikudaginn 15. nóvember, klukkan 13:00. Á fundinum mun Stefán Pétursson, fjármálastjóri Arion banka, fara yfir helstu atriði í uppgjöri bankans. Áhugasamir geta sent tölvupóst á ir@arionbanki.is og fá í kjölfarið sendar nánari upplýsingar varðandi þátttöku á símafundinum.

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Guðni Eiddsson, samskiptasviði Arion banka, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s: 856 7108.

FJÁRHAGSDAGATAL 2017-18

Samkvæmt áætlun munu uppgjör bankans verða birt sem hér segir:

Ársreikningur 2017	14. febrúar 2018
Ársskýrsla 2017	1. mars 2018
Aðalfundur	15. mars 2018
Árshlutauppgjör 1F 2018	2. maí 2018
Árshlutauppgjör 2F 2018	1. ágúst 2018
Árshlutauppgjör 3F 2018	31. október 2018

Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.